

164 vara farizt eða skemmzt svo að hún er ekki söluhæf til manneidis, enda verði sönnun
9. sept. færð á þetta, sem skömmtunarskrifstofan tekur gilda.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 10 000 krónum, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í ríkisstjórn Íslands, 9. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

165

9. sept.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Suðureyrarkauptún.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru að utanverðu og vestan, bein lína, sem hugsast dregin úr Brimnestá yfir Súgandafjörð í innri Skjólklett á Galtarhlíð, en að innan og sunnan, bein lína úr Suðureyrartúnodda, yfir fjörðinn í Langodda.

2. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna, undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

3. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja á Suðureyrarhöfn, og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar skal stofna hafnarsjóð fyrir Suðureyri. Í hafnarsjóð renna eignir Lendingarsjóðs Súgfirðinga, sem til þessa hefir starfað samkvæmt samþykkt frá 14. apríl 1914.

4. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eigum hennar skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skipa 3 menn kosnir af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára, gengur einn úr árlega fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, sem hafnarnefnd sér um.

Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta, annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hafnarnefnd sér enn fremur um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs samkvæmt 4.—10. gr., hún hefir umsjón með að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórnar hafnarsjóðnum með umsjón hreppsnefndar.

Hafnarnefndin gerir tillögur um starfsmenn hafnarinnar, er hreppsnefnd skipar, að fengnum tillögum hennar. Hafnarnefnd sér einnig um allt, er hreppsnefnd Suðureyrarhrepps eða atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið kann að fela henni sérstaklega í þarfir hafnarinnar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert, ber hafnarnefnd að leggja fram frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir

lok nóvember mánaðar. Áætlunin sendist ráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, 165 ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum tekjuliðum eða gjaldaliðum. Við lok 9. sept. hvers reikningsárs, sem er almanaksárið, og ekki síðar en fyrir febrúarlök, skal hafnarnefnd semja reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðsins á hinu liðna ári, ennfremur reikning um eignir og skuldir hans í árslok. Reikningarnir skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningurinn.

5. gr.

Tekjur hafnarsjóðs eru fyrst um sinn þessar, þar til öðruvísi verður ákveðið. Af vörum, sem fluttar eru á land, innan takmarka Suðureyrarhafnar, eða skipað þaðan út, skal greiða gjald það, er hér segir:

Vörugjald.

a. Aðfluttar vörur:

1. flokkur: 8 aurar fyrir hver 100 kg af óslægðum fiski með haus eða jafngildi hans, sé fiskurinn fluttur í land í öðru ástandi, af steinbit $\frac{1}{4}$ eyri af stykki.
2. flokkur: 10 aura fyrir hver 100 kg af kolum, salti og sementi.
3. flokkur: 3 aurar hvert teningsfet af timbri. Aðrar vörur 6 aurar hvert teningsfet.
4. flokkur: 30 aurar fyrir hver 100 kg af vefnaðarvöru, skófatnaði, glysvarningi og lyfjavörum.
5. flokkur: 20 aurar fyrir hvert fat af olíu eða benzíni.
6. flokkur: 5 aurar fyrir hvert stykki af tómum tunnnum eða fötum.
7. flokkur: 10 aurar fyrir hvert stykki af öllum öðrum vörum, sem reiknast eftir þunga, allt að 10 kg.
8. flokkur: 15 aurar fyrir hvert stykki frá 10—100 kg.
9. flokkur: 25 aurar fyrir hvert stykki yfir 100 kg.
10. flokkur: 15 aurar fyrir hver 100 kg af sild og smokkfiski.

b. Útfluttar vörur:

1. flokkur: 15 aurar fyrir hver 100 kg af söltuðum fiski, óþurrkuðum.
2. flokkur: 20 aurar fyrir hver 100 kg af söltuðum fiski, þurrkuðum.
3. flokkur: 30 aurar fyrir hver 100 kg af hertum fiski alls konar.
4. flokkur: 10 aurar fyrir hver 100 kg af þurrum beinum alls konar.
5. flokkur: 10 aurar fyrir hver 100 kg af lýsi, sild, hrognum, kjöti, gærum og öðrum vörum, sem reiknast eftir þyngd.
6. flokkur: 3 aurar fyrir hvert teningsfet af vörum, sem reiknast eftir rúmmáli. Minnsta vörugjald er þó 10 aurar.
7. flokkur: 5 aurar fyrir hverja tóma tunnu eða fat.

Hafnarnefnd er heimilt að undanþiggja vörugjaldi innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá staðnum í smáum stíl.

6. gr.

Undanþegar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Vistir og aðrar nauðsynjar báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- b. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
- c. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi (varðskipi) og í herskip.
- d. Umbúðir, sem endursendar eru.

7. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrá skipta við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd

165 í té, eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá skal skipstjóri eða formaður
9. sept. báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefir fermt eða af-
fermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er, látið ákveða vöru-
magnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var
gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri
tegund, sem hæst gjald skal greiða af. Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem
gjaldskrá til tekur og gjald greiðast eins og þar segir. Þó skal af vöru, sem ekki
nemur heilli gjaldeiningu, reikna gjald þannig, að standi á $\frac{1}{2}$ eða heilum tug aura.
Ef vafi leikur á því, í hvaða flokk skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd,
en úrskurði hennar má skjóta til hreppsnefndar.

8. gr.

Vörugjald greiðir eigandi varanna eða umboðsmaður hans á Suðureyri, og skal
afgreiðslumaður skips standa skil á greiðslunni. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á vör-
unni unz gjaldið er greitt. Ef skip eða bátar hafa ekki farm sinn skráðan, ber skip-
stjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem
vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfn-
inni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

9. gr.

Um lestargjöld.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin, skulu greiða hafnargjöld, sem miða
skal við smálestátölu skipsins, í hvert skipti, sem þau leggjast við festar á hafnar-
svæðinu, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur.

- a. Skip og bátar, sem eru eign manna, búsettra í Súgandafirði og gerð út þaðan til
fiskveiða eða flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerð eru út frá Suður-
eyri a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári
kr. 1.50 af hverri heilli brúttó smálest skips eða báts, þó ekki yfir 100 kr. fyrir
eitt skip eða bát. Vélbátar minni en 5 smál. brúttó skulu greiða 5 kr. lestargjald
á ári.
- b. Önnur innlend fiskiskip, greiði 10 aura fyrir hverja nettó smálest, í hvert skipti
sem þau koma til hafnar, þó ekki minna en 1 kr. í hvert sinn.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, vita-
skip ríkissjóðs, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem eru gerð út
til vísindalegra rannsókna, skip, sem sanna að þau hafi orðið að leita hafnar
vegna sjóskemmda, og skip, sem eingöngu leita hafnar vegna veikinda, skulu
greiða 4 aura lestargjald fyrir hverja nettó smálest í hvert skipti.

10. gr.

Um bryggjugjald.

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af nettó
stærð skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða
fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring 4 aura af hverri smálest, þó aldrei
minna en 2 kr. í hvert sinn, eða 1 kr. af brúttó smálest í eitt skipti fyrir öll, á ári.
Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

11. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestargjalds og bryggjugjalds.
Ef enginn formaður eða skipstjóri er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu

gjaldanna, svo og annara gjalda, sem skipum ber að greiða. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á skipinu unz gjöldin eru greidd. 165

9. sept.

Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burtu úr höfninni. Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

13. gr.

Venjulega er skipum og bátum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó hefir hafnarnefnd rétt til að leyfa skipum, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri áætlun og flytja póst, að leggjast að bryggju þótt önnur skip liggja þar fyrir og verða þau þá að vikja á meðan hin eru afgreidd.

Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að álíti hafnarnefndar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum ef hún krefst þess. Ennfremur getur hafnarnefnd vísað skipum frá bryggju, álíti hún nauðsynlegt veðurs vegna. Ef ágreiningur ris, ræður hafnarnefnd í hverri röð skip koma að bryggju.

14. gr.

Ef nauðsyn ber til þess að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða Eólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa sem utar liggja yfir þilför hinna. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem liggja nær.

15. gr.

Hafnarnefnd hefir umsjón með skipalegunni og' er engum heimilt að leggja föstum legufærum á hafnarsvæðinu nema með hennar samþykki.

16. gr.

Seglfestu, ösku eða öðru því, sem valdið getur skemdum, má ekki varpa í höfnina, hvorki af skipum eða úr landi.

17. gr.

Á hafnarsvæðinu má ekki gera nein mannvirki, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru og heldur ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

18. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur og önnur mannvirki hafnarinnar og hafnartæki, eru skyldir til að bæta að fullu kostnaðinn við að lagfæra það.

19. gr.

Ýmis ákvæði.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 5 aura fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burtu innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim. Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður eftir samningi.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfn-

165 inni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðast af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

20. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er útkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

21. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—1000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Suðurlýr.

22. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál. Með reglugerð þessari er úr gildi felld samþykkt fyrir Lendingarsjóð Súgfirðinga frá 14. apríl 1914 ásamt breytingum, sem á henni hafa verið gerðar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 23 13. janúar 1938, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. september 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

166

11. sept.

AUGLÝSING

um breyting á reglum um verðreikning vara, sem verðlagsnefnd hefir sett eða setur hámarksverðlagningu á, sbr. augl. í Lögbirtingabl. nr. 21 31. marz 1939.

Orðið „vátrygging“ í upptalningu þeirra kostnaðarliða, sem telja má í kostnaðarverði vara áður en álagning er reiknuð, falli niður, og í staðinn komi: sjóvátrygging og stríðsvátrygging.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. september 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.